

Skýrsla

91

um amtsráðsfund austuramtsins 14.—15. ágúst 1894.

Ár 1894, þann 14. ágúst, var aðalfundur amtsráðsins í austuramtinu settur og haldinn á Seyðisfirði af settum amtmanni, forseta amtsráðsins, Klemens Jónssyni og amtsráðsmönnum Þorgrími lækni Þórðarsyni, Sigurði búfræðing Einarssyni á Hafursá, varaamtsráðsmanni Árna lækni Jónssyni í stað síra Einars Jónssonar og amtsráðsmanni úr Norður-Þingeyjarsýslu Árna Kristjánssyni á Lóni í Kelduhverfi.

1. Forseti lagði fram brjef landshöfðingjans yfir Íslandi 23. og 27. febr. þ. á., þar sem skýrt er frá því, að lög 16. septbr. 1893, um að Austur-Skaptafellssýsla skuli að því er sveitarstjórn snertir skilin frá suðuramtinu og lögð til austuramtsins, hefðu þegar öðlast gildi, og að ráðstafanir hefðu verið gjörðar til þess, að þau kæmu þegar til framkvæmda, og tjádist forseti þegar með brjefi, dags. 4. marz þ. á., hafa jafnað niður jafnaðarsjóðsgjaldi á nefnda sýslu til amtsráðsins fyrir yfirstandandi ár, 23 a. á hvert gjaldskilyt lausafjórðungi í samhljóðun við ályktun amtsráðsins á fundi þess 22.—23. ágúst f. á. um upphæð alls gjaldsins 2000 kr., sem hlaut að hækka um það, að sýsla þessi bættist við amtið og með hliðsjón af meðtekinni skýrslu um tölu gjaldskyldra hundraða í Austur-Skaptafellssýslu síðastliðið haust, sem sje 1463,79 hundr.

Enn fremur hefur forseti með brjefi, dags. 14. marz þ. á., hvatt hlutaðeigandi amtsráðsmann til fundar amtsráðsins.

2. Þótt forseti í brjefum sínum til hlutaðeigandi sýslumanna, dags. 31. ágúst og 27. desbr. f. á., um kosningar til amtsráðsins í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, hefði gjört greinarmun á kosningum fyrir þann tíma sem eptir stóð af kjörtíma þeirra amtsráðsmanna og varaamtsráðsmanna, sem frá höfðu farið og fallið, sem sje þeirra Jakobs Gunnlaugssonar frá Raufarhöfn og Árna Árnasonar frá Höskuldarnesi í Norður-Þingeyjarsýslu og Þorvarðar læknis Kerúlfis á Ormarsstöðum í Norður-Múlasýslu, og á kosningum, sem gilda skyldu frá 1. jan. 1895 til 31. desbr. 1900, vegna þess, að amtsráðsmennirnir og varaamtsráðsmennirnir í optnefndum sýslum, skyldu, samkvæmt framförnu hlutkesti á fundi amtsráðsins 22.—23. ágúst f. á., ganga úr amtsráðinu 31. desbr. 1894, hafa sýslunefndirnar samkvæmt fram lögðum útdráttum af gjörðabókum þeirra frá 9.—10. og frá 13.—14. apríl þ. á. samt kosið án þess að gjöra þenna greinarmun, og verður þá amtsráðið að álíta, að þær hafi kosið til beggja tímabila hina sömu menn og vill eptir kringumstæðum taka kosningarnar gildar.

Samkvæmt þessu eru þá kosnir í Norður-Þingeyjarsýslu Árni hreppstjóri Krintjánsson á Lóni í Kelduhverfi sem amtsráðsmaður og síra Hannes Þorsteinsson á Víðirhóli sem vara-amtsráðsmaður bæði fyrir tímabilið til 31. desbr. 1894 og fyrir tímabilið frá 1. jan. 1895 til 31. desbr. 1900, en í Norður-Múlasýslu Árni læknir Jónsson á Vopnafirði sem varaamts-

25. dag októbermán. 1894.

91

- ráðsmaður til 31. desbr. 1894 og sömuleiðis fyrir tímabilið frá 1. jan. 1895 til 31. desbr. 1900, en síra Einar Jónsson á Kirkjubæ endurkosinn sem amtsráðsmaður fyrir tímabilið frá 1. jan. 1895 til 31. desbr. 1900.
3. Fram var lagður reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs austuramtsins fyrir 1893 með fylgiskjölum. Amtsráðið yfir fór þenna reikning og samþykkti hann án breytinga.
 4. Fram voru lagðir til rannsóknar eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða:
 - a. Búnaðarsjóðs austuramtsins.
 - b. Búnaðarskólasjóðs Norður-Þingeyinga.
 - c. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafirði eða Hofssókn.
 - d. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanes-sókn.

Reikningar þessir voru samþykktir af amtsráðinu og fannst ekkert við þá að athuga.

5. Fram var lagður reikningur um tekjur og gjöld bókasafns austuramtsins fyrir 1893, og fannst ekkert við hann að athuga og var hann því samþykktur.

Amtsráðið veitti bókasafninu 200 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.

6. Fram var lögð umsókn frá kvennaskólanum á Laugalandi um 50 króna styrk, ásamt með skýrslu um kennsluna 18^{93/94} og reikningur skólans fyrir 1893. Amtsráðið veitti skólanum 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.
7. Fram var lögð umsókn um styrk frá kvennaskólanum á Ytri-Ey ásamt með skýrslu um kvennaskólana 18^{93/94} og reikningi skólans fyrir 1893. Amtsráðið veitti skóla þessum 50 kr. styrk.
8. Forseti lagði fram brjef frá búnaðarfjelagi suduramtsins 19. febr. þ. á., þar sem það tilkynnir amtsráðinu, að því standi enn opið að ganga í samband við nefnt búnaðarfjelað samkvæmt brjefi þess 12. apríl f. á.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að taka þessu tilboði af hinum sömu ástæðum, sem teknar eru fram á síðasta fundi 22.—23. ágúst f. á. (Stj.tíð. 1893 B., sbr. 154—155).

9. Forseti skýrði amtsráðinu frá því, að hann samkvæmt ályktun þess á fundi 22.—23. ágúst f. á. (Stj.tíð. 1893 B. bls. 156) hefði skrifað landshöfðingjanum 1. sept. f. á. viðvikjandi því, að gjörð yrði ráðstöfun til, að kunnugur maður, sem vit hefði á brúargjörð, skoðaði brúarstæði við Gilsá á Jökuldal, og segði til, hvað brú þar mundi kosta og flutningur á brúarefni frá sjó.

Amtsráðið ítrekaði enn þá beiðni sína um það, að verkfræðingur landsins yrði sem fyrst sendur austur til þess að skoða brúarstæðið og veginn og brúarstæði á ánum út Jökuldalinn og brúarstæði á Lagarfjótí og Gljúfurá.

10. Á fundi amtsráðsins 22.—23. ágúst f. á. (sbr. Stj.tíð. 1893 B. bls. 156) hafði forseti skýrt amtsráðinu frá, að hann enn þá ekki hefði meðtekið skýrslu frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu um, hvað liði vegabótum þeim á Möðrudalsheiði, sem landshöfðingi hefði endurveitt 250 kr. til með brjefi sínu, dags. 25. marz 1892, ef verkamenn fengjust með sæmilegum kjörum. Nú gat forseti skýrt frá, að hann loks hefði meðtekið með brjefi sýslumannsins, 15. febr. þ. á., reikninga og skýrslur um vegabætur þessar, sem fram höfðu farið á sumrinu 1892, en bæði reikningarnir og skoðunargjörðir þær, sem þeim fylgdu, eru svo illa úr garði gjörðar, að það var ómögulegt að gjöra sjer nokkra hugmynd um, hvort hinar unnu vegabætur samsvöruðu kostnaðinum eptir reikningunum; þar að auki hafði sýslumaður farið langt fram úr fjárveitingunni, sem sje um 196 kr. 70 a., enda hafði verið varðað svæðið frá Möðrudal vestur á Biskupsháls, sem fjárveitingin alls eigi náði til. Með svo felldu móti hafði forseti orðið að endursenda sýslumanni þessa reikninga hans til umbóta með brjefi sínu 2. marz þ. á., en enn þá voru engin skil þar að lütandi komin.
11. Beiðni frá sýslunefnd Austur-Skaptafellssýslu með brjefi 31. maí f. á. um breytingu á póstleiðinni um Hofshrepp þannig, að í stað vegarins frá Grændýjalæk að Prestasteini komi vegur, sem liggja sem beinast úr götunni, er liggur upp Kúadalsbrún að Prestasteini og að amtsráðið hlutist til um, að veittar verði úr landssjóði 150 kr. á ári í 2 ár til að gjöra greiðfæran veg á þessu svæði mót 50 kr. á ári úr sýslusjóði, þeim helming sýsluvegagjaldsins, er ganga á til aðalpóstleiðanna, á móti því, að hreppsnefndin ljúki verkinu, þótt hin veitta upphæð reynist of lítil. Amtsráðið fellst á, eptir framkomnum upplýsingum, að rjett væri að breyta póstveginum í þá átt, sem farið er fram á og beinir málinu um styrkveitingu úr landssjóði til landshöfðingja með sínum beztu meðmælum.
12. Forseti skýrði frá því, að enn þá hefði hann eigi meðtekið frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu skýrslu um vegagjörð þá á Fjarðarheiði, sem landshöfðingi hefði með brjefi dags. 29. nóvbr. 1892 veitt allt að því 5000 kr. til, sbr. skýrslu um amtsráðsfund 22.—23. ágúst f. á. (Stjórnartíð. 1893, B. bls. 156).
13. Erindi frá Böðvari Jónssyni pósti um illfæra brú við Ytra-Áland á póstleiðinni, og óskar hann eptir að fá skaðabætur fyrir hest, sem laskazt hafði þar, og gjört yrði við brúna.
- Með því að engar upplýsingar eru fyrir hendi um þetta mál, vísaði amtsráðið því frá sjer.
14. Út af aðgjörðinni á brúnni yfir Jökulsá á Jökuldal (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 22.—23. ágúst f. á. Stjórnartíð. 1893 B. bls. 162) hafði forseti skrifað sýslumanninum í Norður-Múlasýslu 4. sept. f. á., svo landshöfðingja yrði síðar skrifað um það mál, og var framlagt brjef sýslumannsins, dags. 2. október f. á., þar sem hann skýrir svo frá, að sýslunefndarmaðurinn úr Hlíðarhreppi hafi tekið að sjer, að sjá um þessa aðgjörð, og að hann hefði

- 91 skýrt svo frá, að þessu starfi skyldi lokið sama haust. Samt sem áður hafa engin skeyti komið frá sýslumanni, sem amtið hefur áminnt með brjefi dags. 8. febr. þ. á.
15. Forseti skýrði frá, hvernig þeim helming sýsluvegagjaldsins úr Suður-Múla-sýslu, sem ganga skyldi til aðalpóstvega, hefði verið varið á árinu 1893, og hvernig verja skyldi á yfirstandandi ári eptirstöðvunum af þessu gjaldi og sýsluvegagjaldinu 1894, samkvæmt brjefi landshöfðingja 3. júlí 1894.
16. Út af athugasemd þeirri, sem amtsráðið á fundi sínum 22.—23. ágúst f. á. hafði gjört við það, að sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hefði 24. apríl f. á. leyft hreppsnefnd Jökuldalshrepps að verja hreppavegagjaldinu þar til þess að bæta samgöngur í hreppnum, án tillits til þess ákvedna hreppavegs, og ennfremur ákveðið, að sýsluvegagjaldinu úr hreppnum skyldi varið til þess, að koma drætti á Jökulsá, án þess að sagt væri hvar, lagði forseti fram brjef sýslumannsins 2. október f. á., og sjezt á því, að meiningin hafi verið sú, að láta bæði hreppsvega- og sýsluvegagjaldið ganga til dráttar á Jökulsá á sýsluvegi. Þó að þessi ráðstöfun kæmi, hvað hreppsvegagjaldið snertir, eigi alveg heim við fyrirmæli 16. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi, hefði forseti samt eptir kringumstæðum leyft, með brjefi dags. 27. október f. á., að við svo búið mætti standa, og fellst amtsráðið á það.
17. Forseti lagði fram nýtt frumvarp til reglugjörðar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár, um fjallskil og eyðing refa, en amtsráðið hafði eigi sjeð sjer fært að staðfesta samskonar frumvarp á fundi sínum 22.—23. ágúst f. á., af tilgreindum ástæðum. Sýslunefndin hafði nú samið nýtt frumvarp og tekið tillit til aðfinninga amtsráðsins við fyrra frumvarpið og sjerilagi fellt úr 41. og 54. gr. þess.

Að því leyti sem amtsráðið hafði skotið því til nákvæmrar ihugunar sýslunefndarinnar, hvort eigi væri rjett að setja þau fyrirmæli í reglugjörðina, að göngur skyldu byrja sama dag í öllu fjallskilafjelaginu (Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár) gagnstætt því, sem fyrirmælt væri í 19. gr. reglugjörðarinnar, þá hafði sýslunefndin lýst því yfir, að hún gæti eigi komizt að þeirri niðurstöðu, að unnt væri að láta göngur byrja sama dag í öllu fjallskilafjelaginu, þar sem Langnesingar væru bundnir við Norður-Múlasýslumenn eptir staðháttunum með fjallskil sín, en aptur áliti Fjallamenn, að nauðsynlegt sje, að ganga fjallgarðana sem fyrst, áður en hætt yrði við, að fje fennti.

Amtsráðið yfirfór frumvarpið aptur, og staðfesti það til að öðlast gildi 1. jan. 1895.

18. Með skírskotun til þess, sem gjörst hefði á fundi amtsráðsins 22.—23. ágúst f. á. (Stjórnartíð. 1893, B. bls. 160) út af væntanlegri hluttekningu Norður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólahaldinu á Eyðum, skýrði forseti frá því, að hann að afloknum þessum amtsráðsfundi hefði skrifað landshöfðingja um þetta mál 2. septbr. f. á., og lagt það til, að honum mætti þóknast að fyrirskipa, að Norður-Þingeyjarsýsla gengi í fjelag við Múlasýslurnar um bün-

aðarskólahaldið á Eyðum, með þeim skilmálum, sem nefndar sýslur hefðu gefið kost á, og að búnaðarskólagjaldið úr Norður-Þingeyjarsýslu leggist til nefnds skóla. **91**

Út af þessu hafði landshöfðingi, í brjefi dags. 11. oktbr. f. á., sem var framlagt, sagt svo fyrir, að forseti amtsráðsins tilkynnti sýslunefndinni í nefndri sýslu tilboð Múlasýslanna og hjeraðlútandi ályktun amtsráðsins í Austuramtinu, og leitaði á ný yfirlýsingar sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, hvort hún vildi eigi hlýta þannig löguðu sambandi, eða hjeldi fast við þann kost, að vera heldur fyrir utan sambandið. Þetta hafði forseti nú gjört með brjefi, dags. 30. oktbr. f. á. Nú mátti sjá af útskriftinni úr gjörðabók sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu, viðvikjandi fundarhaldi hennar, 9.—10. apríl þ. á., að nefndin vill hvorki ganga í samband við Eyðaskólann nje aðra búnaðarskóla, með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim. Í sambandi við þetta gat forseti þess, að hann eigi hefði fundið ástæðu til þess, að skrifa sýslunefndunum í Múlasýslunum um breytingar á reglugjörð Eyðaskólans, því um þær yrði ekkert spursmál, fyrr en vissa fengist fyrir því, að Norður-Þingeyjarsýsla gengi í sambandið, og Austur-Skaptafellssýsla líka.

Með því amtsráðinu þykir sýnt eptir þessu, að Norður-Þingeyjarsýsla eigi ætli sjer að ganga í samband við Eyðaskólann eða aðra búnaðarskóla, þá vill það enn á ný leggja það til, að landshöfðingi *skipi svo fyrir*, að Norður-Þingeyjarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólahaldinu á Eyðum, með þeim sömu skilmálum og áður hafa verið teknir fram, með því amtsráðið hlýtur að álita, að landshöfðingi hafi fullt vald til þess, samkvæmt tilsk. 12. febr. 1872. Í sambandi við þetta ályktaði amtsráðið að skora á sýslunefndina í Austur-Skaptafellssýslu, að leggja sitt búnaðarskólagjald til búnaðarskólans á Eyðum.

19. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eyðum, fyrir árið 1893—1894 með árituðum athugasemdum og svörum reikningshaldara. og skýrsla um kennsluna. Til þess að semja tillögur til úrskurðar á þeim voru kosnir Þorgrímur Þórðarson og Sigurður Einarsson.
20. Af fundargjörðum sýslunefndanna í Norður-Múla- og Suður-Múlasýslum frá 13. og 14. apríl og 11. s. m. má sjá, að reikningsnefnd sú, sem kosin hafði verið til þess að semja eða gjöra upp millireikning sýslanna út af skólahaldinu á Eyðum, hafði lokið þessu starfi sínu, og auk annars látið uppi það álit, að styrktarupphæðir þær úr landssjóði til eflingar búnaði í Norður-Múlasýslu á árunum 1887, 1888 og 1889, sem gengið hefðu til búnaðarskólans á Eyðum, alls 645 kr., skyldu eigi teljast með viðskiptareikningunum eða koma til greina þá er millireikningar yrðu útkljáðir, og hefur sýslunefndin í Suður-Múlasýslu aðhyllt þessa skoðun. Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu er aptur á móti á þeirri skoðun, að þetta fje verði að álitast sem innieign þeirrar sýslu, og að hún eigi kröfu á að fá það aptur greitt í hendur sjer, til að verja því á þann hátt, sem upphaflega hefur verið til-

91

ætlazt, eins og komið er að orði. Nefndin álitur í samhljóðun við þetta, að framangreindar 645 kr. skyldu greiddast henni aptur af fje skólans á 6 árum, frá fardögum 1895 að telja, og væntir nefndin eptir, að sýslunefndin í Suður-Múlasýslu samþykki þessa ályktun.

Amtsráðið verður að álíta, að þessi upphæð sje beinlínis veitt búnaðarskólanum á Eyðum, einmitt eptir tillögum sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu sjálf frá því fje, sem tilfjell sýslufjelaginu til eflingar búnaði, og felldi því ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu úr gildi, en vill jafnframt bendu tjedri sýslunefnd á, að ef hún vill hafa þetta fje af Eyðaskólanum, þá verður hún að fá leyfi landshöfðingja til þess.

21. Forseti lagði fram kæruskjal nokkurt frá verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, sem borizt hafði forseta hjer um bil fylgiskjalalaust rjett fyrir amtsráðsfundinn 22.—23. ágúst f. á., þar sem verzlunarstjórinn áfrýjar til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu 24. apríl f. á., sem lækkar útsvar þeirra Árna læknis Jónssonar á Vopnafirði og Helga bónda Guðlaugssonar á Torfastöðum, og bætir lækkuninni við útsvar Örum & Wulffs, eptir að nú eru fengin málsskjölin öll og umsögn hreppsnefndarinnar í Vopnafirði og sýslunefndarinnar, enda hafði verzlunarstjórinn með brjefi, dags. 24. maí þ. á., sent eptirrit af flestum skjölum þessa máls.

Það er að vísu svo fyrir mælt í lögum 9. jan. 1880, um breytingu tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi, að sýslunefnd leggi endilegan úrskurð á útsvarskærum, en þetta útilokar amtsráðið alls eigi frá því, að gjöra ályktun um það, hvort sýslunefnd hafi í slíku tilfelli farið fram yfir vald sitt eða beitt ólögum sbr. 52. gr. 1. tilskipunar 4. maí 1872. Það fer nú fjarri því, að sýslunefndin hafi gjört þetta í þessu máli og er því úrskurður hennar í því endilegur. Amtsráðið finnur samt ástæðu til að gjöra nokkrar athugasemdir viðvikjandi þessu máli.

- a. Þar sem sýslunefndin á fundi sínum 13.—14. apríl þ. á. vísar málinu frá sjer sem sjer óviðkomandi, þar eð amtsráðið hafi eigi fundið ástæðu til að gjöra athugasemdir við hina formlegu hlið málsins, þá vill amtsráðið geta þess, að það fylgir yfir höfuð þeirri reglu, að dæma ekki um neitt mál, fyr en umsögn þess er komin, er málið áhærir. Athugasemd sýslunefndarinnar á því alls eigi hjer við.
- b. Úrskurður sýslunefndarinnar gengur út á það, að lækka útsvar Helga Guðlaugssonar úr 469 fiskum niður í 300 fiska, og útsvar Árna læknis Jónssonar úr 200 fiskum niður í 80 fiska, svo að lækkunin munar alls 289 fiskum, en sýslunefndin hefur bætt 299 fiskum við útsvar Örum & Wulffs, sem hún eptir atvikum hefur haft fullt vald til.
22. Forseti lagði fram brjef sýslunefndar Norður-Múlasýslu, 2. maí þ. á. og þar með fylgjandi útdrátt úr gjörðabók nefndarinnar þar, um að fá samþykki amtsráðsins til þess, að hún mætti borga úr sýslusjóði 1167 krónur til þess, að koma upp gufubátsferðum á Lagarfljótsós á móti 500 kr. úr sýslusjóði Suður-Múlasýslu og styrk úr landssjóði, og skýrði frá, að hann

hefði samþykkt þessa ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu fyrir hönd amtsráðsins til þess, að flýta fyrir málinu og til þess, að eigi skyldi á samþykki amtsráðsins standa, ef fundarhald þess kringumstæðanna vegna skyldi dragast eitthvað.

Sömuleiðis hafði forseti samþykkt samkvæmt framlagðri útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar úr Suður-Múlasýslu frá 11. apríl þ. á., að borga mætti úr sýslusjóði þeirrar sýslu hinar áður nefndu 500 kr., þannig, að þær þá fyrst yrðu greiddar, þegar O. Wathne á Seyðisfirði hefði farið 3 ferðir gegnum Lagarfjósós og flutt inn í hann upp að steinboga vörur, sem næmu minnst 300 tons.

Amtsráðið fellst á þessa ráðstöfun.

23. Forseti lagði fram brjef heilbrigðisnefndarinnar í Vopnafjarðarhrepp 28. maí þ. á. og þar með fylgjandi reikning með fylgiskjöllum yfir kostnaðinn við sóttvörn gegn kvef-landfarsóttinni á síðastliðnum vetri, að upphæð 98 kr. 50 a., sem nefndin óskar eptir að fá endurgoldnar úr jafnaðarsjóði. Forseti lagði enn fremur fram brjef amtsins dags. 28. maí þ. á. til hjer-aðslæknisins í 13 læknishjæraði og brjef hans til amtsins dags. 28. júní þ. á. um sóttvarnir þessar.

Amtsráðið samþykkti að borga út þessa upphæð úr jafnaðarsjóði, en vill jafnframt brýna fyrir sýslunefndum, að annast um að hreppsnefndir gegni skyldu sinni viðvíkjandi heilbrigðis-ástandi manna samkvæmt útgefni reglugjörð 19. júní 1886, sbr. einnig Stjórnartíðindin B. 1886, bls. 118.

24. Þá lagði forseti fram brjef landshöfðingjans, dags. 5. júlí þ. á. þar sem skýrt er frá hve mikið Austur-Skaptafellssýsla hlaut af eignum Suðuramtsins samkvæmt lögum 16. sept. 1893, 2. gr. og verður það 296 kr. 06 aur., sem greiðist annað hvort í peningum eða með einhverju skuldabryfi til búnaðarskólaskólans eptir samkomulagi milli amtauna.
25. Amtsráðið ákvað, að framvegis skuli árlega framfara ítarleg skoðun á öllu því fje, sem flutt er út lifandi á hverju hausti. Var forseta falið að brýna fyrir lögreglustjórum, að kveðja hæfilega margna menn til þess, að framkvæma starfa þenna, eptir bezta megni og þekkingu. Að loknu starfi skulu skoðunarmenn gefa vottorð upp á æru og samvizku, að þeir álitj ekkert varúðarvert við útflutning fjársins. Slikt vottorð skal fylgja hverjum skipsfarmi af útfluttu sauðfje og endurrit af því sendast forseta amtsráðsins. Borgun til skoðunarmannanna greiðist úr jafnaðarsjóði.
26. Viðvíkjandi búsetu dýralæknisins í Norður- og Austuramtinu áleit amtsráðið að heppilegast væri að hann sæti sem næst miðju umdæmisins í sveit.
27. Út af kæru frá hreppsnefndinni í Presthólahreppi, þar sem hún fer fram á, að úrskurður sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, sem fellir úr gildi útsvarshækkun hreppsnefndarinnar á Þórarni Benjamínssyni á Efrihólum, verði felldur úr gildi sem ólögmaður, og ályktaði amtsráðið, að með því

91 að engin skilríki væru fyrir því, að úrskurður sýslunefndarinnar væri ólögmaður, yrði hann að öllu leyti að standa óhaggaður.

28. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1895.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar frá 1894	kr. 1000,00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 2100,00	kr. 3100,00

Gjöld:

1. Amtsráðið	—	850,00
2. Sáttamál	—	10,00
3. Heilbrigðismál	—	400,00
4. Menntamál:		
a. Kvennaskólinn á Laugalandi	kr. 50,00	
b. ——— - Ytri-Ey	— 50,00	
c. Bókasafn Austuramtsins	— 200,00	— 300,00
5. Heyrnar- og málleysingar	—	280,00
6. 8 afborgun af láni til Skjálfañdabruar	—	81,48
7. Kostnaður við notkun fangahúss á Eskifirði	—	50,00
8. Óviss útgjöld	—	300,00
9. Eptirstöðvar	—	828,52
		<u>kr. 3100,00</u>

29. Framlögð voru eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

a. Frá Norður-Pingeyjarsýslu fundargjörðir frá 9.—10. apríl þ. á.

b. Frá Norður-Múlasýslu fundargjörðir frá 13.—14. apríl þ. á.

Samkvæmt tillögum sýslumanns fyrir hönd sýslunefndarinnar í brjefi 30. apríl þ. á. samþykkti amtsráðið, að nefndin hafði jafnað niður sem sýslusjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár 2497 kr. 50 a., eða 30 aur. á hvert hundrað, en sú upphæð, sem jafna hefði mátt niður, hleypur undir það 1500 kr. Orsökina til þessarar miklu hækkunar er fjárveiting sýslunefndarinnar til uppsiglingar á Lagarfljótsós.

Að því leyti sem sýslunefndin hafði ályktað, að gjöra svolitla breytingu á stefnu sýsluvegarins við kaптúnið á Vopnafirði og færa sýsluvegin um Djúpalekjarmýrar ofan að sjó, áleit amtsráðið þessar breytingar svo óverulegar, að til þeirra þyrfti eigi samþykki amtsráðsins.

Þar sem sýslunefndin ákveður svo um sýsluvegagjörðir á þessu sumri, að hver hreppur mætti verja sínu sýsluvegasjóðsgjaldi til framhalds og viðhalds þeim vegabótum, sem þegar er byrjað á, sbr. 11. gr. laga 10. nóv. br. 1887, um vegi, þá verður amtsráðið samt að taka það fram, að sýsluvegagjaldið skuli borgað til oddvita sýslunefndarinnar á rjettum tíma.

(Framh.).

Skýrsla

91

um amtsráðsfund austuramtsins 14.—15. ágúst 1894. (Framh.).

- c. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 11. apríl þ. á. og 8. júní þ. á.

Samkvæmt tillögum sýslumannsins fyrir hönd sýslunefndarinnar í brjefi, 21. apríl þ. á., samþykkti amtsráðið að sýslunefndin hefði jafnað niður sem sýslusjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár 1578 kr. 40 aur. eða 20 aur. á hvert hundrað, en það sem jafna mátti niður, hleypur 1019 05 aur. Orsökkin til þessa gjaldsálags er sjer í lagi kostnaður út af Eyðaskólanum.

Að því leyti sem það sjezt, að sýslunefndarmaðurinn úr Reyðar-fjarðarhreppi hefur hreyft efasemdum um það, hvort sýslunefndarfundurinn væri lögmætur úr því að eins 5 kosnir sýslunefndarmenn af 10 væru á fundi, lýsti amtsráðið því yfir, að fundurinn væri lögmætur, samkvæmt rjettum skilningi á 34. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, úr því 6 hefðu verið á fundi, að meðtöldum oddvita, sem eigi síður er nefndarmaður eða meðlimur sýslunefndarinnar en hinir kosnu sýslunefndarmenn.

- d. Eptirrit af gjörðabók sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir frá 30.—31. maí þ. á.

30. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðar eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar fyrir 1893, sem forseti amtsráðsins hafði áður yfirfarið:

- a. Við reikninginn úr Norður-Pingeyjarsýslu faunst eigi annað að athuga, en að 11ta fylgiskjalið, kvittun einnar yfirsetukonu, vantar, og var reikningurinn samþykktur með því skilyrði, að kvittunin yrði send til forseta ráðsins innan 3 mánaða, enda hefur sýslumaðurinn lofað að senda fylgiskjalið.

- b. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu: Reikningurinn er óúrskurðaður af sýslunefndinni. Amtsráðið ákvað að láta endurskoða hann af sýslunefndinni og fól síðan forseta sínum að úrskurða hann.

Forseti skýrði frá, að úrskurði amtsráðsins á sýslusjóðsreikningnum fyrir 1891 væri fullnægt, og að hann því samkvæmt umbóði amtsráðsins hefði samþykkt reikninginn.

Forseti skýrði ennfremur frá úrskurði þeim, sem hann 23. septbr. f. á. hefði lagt á sýslusjóðsreikninginn fyrir 1892 í umbóði amtsráðsins og hefði hann samþykkt reikning þenna.

- c. Reikningur Suður-Múlasýslu:

Forseti gat þess, að reikningshaldari hefði nú fullnægt úrskurði amtsráðsins á sýslusjóðsreikningnum fyrir 1890, um að færa skyldi til inntekta 1 eyri, sem var vantalið sýslusjóðsgjald úr Berunesshrepp.

Forseti skýrði ennfremur frá, að reikningshaldari hefði fullnægt úrskurði amtsráðsins á sýslusjóðsreikningnum fyrir 1892.

Við sýslusjóðsreikninginn fyrir 1893 hafði endurskodandi sýslunefnd-

29. dag októbermán. 1894.

arinnar gjört eptirnefndar athugasemdir, sem reikningshaldari hefur svarað:

1. Gjaldið úr Berunesshrepp er vantalið um 13 aura, en úr Norðfjarðarhreppi oftalið um 23 aura.

Amtsráðið úrskurðar, að nefndir 13 aur. skuli innheimtast og færast til inntektar í næsta reikningi; 23 aura skal endurboga og færa til útgjalda í næsta reikningi.

2. Athugasemd um greiðslu 50 kr. fyrir borgarabryjef til verzlunar fellur niður.

Reikningurinn var svo samþykktur með því skilyrði, að reikningshaldari fullnægi framanrituðum úrskurðum.

- d. Við reikninginn úr Austur-Skaptafellssýslu fannst að athuga:

Amtsráðið athugaði fyrst, að reikningurinn næði bæði yfir sýslusjóðinn og sýsluvegasjóðinn eins og tíðkast í Suður- og Vesturamtinu, en sýsluvegareikningnum er samt sem áður haldið að nokkru leyti út af fyrir sig þar sem hann kemur fram sem aðalfylgiskjal með tilheyrandi undirfylgiskjólum. Amtsráðið ályktaði að skora á sýslumanninn, að semja eptirleidis hvorn reikninginn algjörlega út af fyrir sig.

Í annað stað óskar amtsráðið eptir, að skilagrein fylgi sýslusjóðsreikningnum eptirleidis um hið niðurjafnaða gjald eða sýslusjóðsgjaldið, sem sýni tölu lausafjár og fasteignarhundraðanna og upphæð gjaldsins úr hverjum hreppi.

Undir gjaldlið b. eru tilfærðar fyrir vörumats-kostnað 40 kr., sem sýslan hafi greitt á móti 104 kr. frá verzluninni á Papós. Úr því reikningshaldari hefur vottað, að gjaldið væri greitt eptir ályktun sýslunefndarinnar sem amtsráðið í Suðuramtinu hefur samþykkt, þá er ekkert hjer um að segja, en amtsráðið fyrir sitt leyti álitur það naumast rjett, að sýslan greiði þessi útgjöld, sem hlutadeigendur sjálfir, kaupmenn og skiptavinir þeirra ættu að borga. Var hann því samþykktur skilyrðislaust.

31. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðar eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar, sem forseti ráðsins hafði áður yfirfarið:

- a. Reikningur úr Norður-Þingeyjarsýslu.

Forseti skýrði frá, að úrskurði amtráðsins á sýsluvegareikningum 1892 væri fullnægt; þó gat hann þess, að skýrslurnar um vegagjörðirnar milli Svalbarðs og Kollavíkur og milli Syðra-Lóns og Sauðaness bæru það með sjer, að brautir þær, sem hlaðnar hefðu verið, væru eigi nema 3½ al. á breidd. Forseti vildi samt leggja það til, að amtsráðið ljeti við svo búið standa með hliðsjón af lögum 7. febr. 1890, um viðauka við lög um vegi 10. nóvbr. 1887, og var það samþykkt.

Við sýsluvegasjóðsreikninginn 1893 fann amtsráðið að athuga:

Gjaldliður 3. vegurinn um Sauðanesshrepp er að eins 3½ al. breiður en það má við svo búið standa í þetta skipti. Amtsráðið býst samt

við að sýslunefndirnar í tíma beri upp tillögur sínar um breidd sýsluvega samkvæmt fyrnefndum lögum, 7. febr. 1890, og óskar eptir að úttektirnar sjeu sem nákvæmastar og tilgreini sjerstaklega breidd, hæð og lengd vegarins og hvað margar vatnsrennur sjeu í gegnum brýrnar og úr hvaða efni vegurinn sje gjörður.

Amtsráðið samþykkti reikninginn.

- b. Reikningurinn úr Norður-Múlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sínum að innkalla hann sem fyrst og úrskurða hann.
- c. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu, hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar gjört þessar athugasemdir:
 1. Fyrir að taka út vegagjörðirnar á Hallormsstaðaásnum (gjaldal. 4.) og Hallormsstaðahálsi (gjaldal. 5.) er borgað samtals 18 kr., sem eru tilgreindar í fylgiskjalinu við 4. gjaldal. en í aðalreikningnum er þessari upphæð skipt jafnt milli gjaldliðanna.
 2. Vegabóttagjaldið er, sem og endurskoðandi ætlar, reiknað eptir rangri verðlagsskrá, sem sje eptir verðlagsskránni fyrir 1893—94, í staðinn fyrir eptir verðlagsskránni 1892—93; hjer munar að eins um 4 kr. 83 a. sem eru vanheimtar.

Amtsráðið úrskurðaði að við svo búíð mætti standa en brýnir fyrir sýslumanni að viðhafa rjetta verðlagsskrá eptirleiðis.

Amtsráðið fann að öðru leyti að athuga, að úttektir vanta viðvíkjandi vegabótunum á Þórudal (gjaldal. 6.) og á Áreyjadal (gjaldal. 8.) og skyldu endurrit af þessum úttektum, sem verða að framfara, sendast til forseta ráðsins innan 3 mánaða. Með þessu skilyrði var reikningurinn samþykktur.

- d. Við reikninginn úr Austur-Skaptafellssýslu fannst ekki annað að athuga, en að eigi fylgdu endurrit af úttektum á hinum unnu vegabótum, heldur að eins vottorð sýslumannsins og sýslunefndarmanna um það hvernig vegabótin sje unnin.

Amtsráðið athugaði, að reikningshaldari hefði farið eptir þeirri reglu sem amtsráðið í Suðuramtinu hefði sett í þessu tilliti á fundi 27. og 29. júní f. á. (Stjórnartíð. 1893 B. bls. 120) sem sje að slík vottorð sýslunefndarmanna eða skilvísra manna nægðu og mættu koma í stað skoðunargjörða, ef vegagjörðin eða vegabótin eigi næmi 100 kr. en nemi hún því eða meiru, skyldi ávallt skoðunargjörð tilkvaddra manna framfara á hinu unna verki.

Forseti gat þess, að reglan í Norðuramtinu væri sú, að ef vegagjörðin nemi eigi meiru en svo sem 25 kr. þá nægði vottorð sýslumanns eða tveggja valinkunnra manna, sem eigi hefðu tekið þátt í vegabótinni. Amtsráðið ályktaði að fylgja hinni sömu reglu og í Norðuramtinu nema í Austur-Skaptafellssýslu, þar skyldi regluleg úttekt því að eins fara fram, að verkið nemi 100 kr.

Amtsráðið samþykkti svo reikninginn.

- 91** 32. Amtsráðið yfirfor reikninga búnaðarskólans á Eyðum fyrir 1893—94 og úrskurðaði þá.
33. Amtsráðið samþykkti að borga mætti 8 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir fundarstofu og hita, og 12 krónur fyrir skriptir og skriffæri.
- Fleiri mál komu eigi til umræðu.

Kl. Jónsson Árni Kristjánsson. Árni Jónsson.
(settur). Sigurður Einarsson. Þorgr. Þórðarson.

Akureyri, 28. ágúst 1894.

Kl. Jónsson

settur.

92

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar 1893.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1893:		
Innritunarskirteini A. fol. 91		1600 00
2. Vextir frá $11/6$ '92 til $11/6$ '93		56 00
	Samtals:	1656 00
	Gjöld:	
1. Styrkur veittur Vilhjálmi Jónssyni á Sunnudal		56 00
2. Í sjóði við árslok:		
Innritunarskirteini A. fol. 91		1600 00
	Samtals:	1656 00

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 3. jan. 1894.

J. Havsteen.

93

Reikningur

yfir tekjur og gjöld prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins 1893.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1893:		
Í skuldabryfum einstakra manna		2700 00
2. Vextir:		
a. af skuldabryfum einstakra manna	kr. 108,00	
b. dagvextir af 200 kr. frá $11/6$ '93 til $8/8$ '93	— 1,28	109 28
3. Endurborguð lán		200 00
	Samtals:	3009 28
	Gjöld:	
1. Lánað mót fasteignarveði		200 00
2. Styrkur veittur:		
a. Námspiltum á Möðruvöllum, Gísla Helgasyni á Höskuldsstöðum og Karli Fimbogasyni á Stóruvöllum	kr. 54,64	
	Flyt:	54,64 200 00